

Bréf

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 7. nóvember 2014 2014010081
--	---

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu - 27. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu, 27. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 30. október 2014, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu, 27. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar því ef gera á aðgerðaráætlun um eflingu fjarheilbrigðisþjónustu. Telur stofan mikilvægt að auka slíka vinnu svo hægt sé að veita sérhæfðari þjónustu út um allt land. Er slíkt til þess fallið að bæta heilsu og líðan fólks á landsbyggðinni með hagkvæmum hætti.

Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að stofan þekkir vel þau vandkvæði á að veita sérhæfða þjónustu í hinum dreifðari byggðum og telur því skynsamlegt að leita allra leiða til þess að hægt sé að veita slíka þjónustu á landsbyggðinni. Hefur Barnaverndarstofa t.a.m. litið til þess að það kunni að vera skynsamlegt að breyta skipulagi barnaverndarmála með þeim hætti að ríkið komi í auknum mæli að vinnslu einstaka barnaverndarmála. Horfir stofan í því sambandi til þess að skynsamlegt kunni að vera að sú aðkoma verði í formi fjarþjónustu og hluti vinnunnar geti farið fram með því að nýta fjarfundabúnað auk þess sem færanleg sérfræðiteymi gætu í ákveðnum tilvikum komið á staðinn þegar þurfa þykir.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu